REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gerð og búnað ökutækja,
nr. 308 15. apríl 2003.

1. gr.

Á eftir tilvísun í EB-tilskipun nr. 97/24 í 7. gr. 07.20 (8) reglugerðarinnar, og hvarvetna annars staðar í reglugerðinni, kemur: með síðari breytingum.

2. gr.

Viðauki II breytist þannig:
Eftirfarandi ný lína bætist við lista:

2002/51	Útblástursmengun											1	1				

3. gr.

Viðauki III breytist þannig:
Undir bifhjól:
Í reitinn „síðari viðbætur“ við tilskipun 97/24/EB bætist: 2002/51/EB.

4. gr.

Viðauki IV breytist þannig:
Undir bifhjól:
Við tölulið 45x (tilskipun 97/24/EB) bætist við ný lína, svohljóðandi:

2002/51/EB	L 252 20.09.2002	***105/2003

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 60. gr. umferðarlaga nr. 50 30. mars 1987, til innleiðingar á tilskipun 2002/51/EB, sem vísað er til í I. og II. kafla, II. viðauka við EES samninginn, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 6. október 2003.

Björn Bjarnason.

Björn Friðfinnsson.